

SAMÞYKKT

um rotþrær og safntanka fyrir Kópavog.

Gildissvið.

1. gr.

Samþykkt þessi tekur til leyfisveitinga, gerðar, staðsetningar, frágangs og hreinsunar rotþróa og safntanka í lögsagnarumdæmi Kópavogsbæjar. Jafnframt skulu uppfyllt ákvæði samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar eftir því sem við á og ákvæði reglugerða nr. 533/2001 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Skilgreiningar.

2. gr.

Rotþró er tankur til botnfellingar og hreinsunar á föstu sviflægu efni úr skólpi. Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um stærð, gerð og frágang rotþróa.

Safntankur er tankur sem fangar frárennslisvatn frá húseignum. Safntankur er án frárennslis og með loftun og stút til tæminga sem liggur ofar en niðurföll í viðkomandi húsi.

Almenn ákvæði.

3. gr.

Skólp frá sérhverri húseign í Kópavogi, sem ekki er unnt að tengja við holræsi bæjarins, skal leiða gegnum rotþró eða í safntank. Umsókn um rotþró eða safntank skal senda til byggingarfulltrúa Kópavogs. Umsókn skal fylgja sérteikning sem sýnir gerð og staðsetningu. Með umsókn skal fylgja umsögn heilbrigðisfulltrúa sem kveður á um að fylgt sé reglum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþró, safntankur og lagnir eru eign húseiganda.

4. gr.

Í rotþró eða safntank skal leiða skólp, baðvatn, þvottavatn og vatn úr niðurföllum innanhúss og niðurfalli við bílgeymslu utanhúss.

5. gr.

Afrennslis frá ofnum, afbræðslukerfum, þakvatn og annað yfirborðsvatn skal hvorki leiða í rotþró né í siturlögn hennar. Þegar hús aftengjast rotþró og tengjast í þess stað fráveitu bæjarins, sbr. 10. gr., ber húseiganda að tryggja að vatn frá þessum stöðum sé leitt í regnvatnslagnir bæjarins.

Staðsetning.

6. gr.

Staðsetja skal rotþró og tilheyrandi siturlögn og/eða sandsíu innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 5 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minni en 5 m. Verði siturlögn eða sandsíu ekki komið fyrir innan lóðar viðkomandi húseignar getur byggingarfulltrúi samþykkt annað fyrirkomulag ef samþykki hlutaðeigandi lóðarhafa liggur fyrir.

7. gr.

Staðsetja skal safntank innan lóðar og að jafnaði ekki nær húseign en 5 m. Fjarlægð frá þró í mörk aðliggjandi lóðar skal aldrei vera minna en 5 m.

8. gr.

Allar lagnir vegna rotþróar og safntanks skulu lagðar nægilega djúpt í jörðu svo að þær séu ætíð frostfríar.

Frárennsli rotþróar.

9. gr.

Fráveituvatni úr rotþró skal veitt í útloftaða siturlögn og/eða sandsíu. Byggingarfulltrúa er heimilt að fenginni umsögn heilbrigðisfulltrúa að leyfa að afrennsli rotþróar fari í grjótpúkk verði öðru ekki við komið og ekki ástæða til að krefjast safntanks.

Tenging við holræsakerfi bæjarins.

10. gr.

Skylt er að tengja frárennislögn húss við holræsakerfi Kópavogsbæjar þegar heimtaug er komin inn fyrir lóðarmörk húseiganda.

Rekstur rotþróar og safntanks.

11. gr.

Rotþró og safntank skal hreinsa í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar. Húseigandi skal sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni og safntanki. Hreinsunar- aðilar skulu hafa starfsleyfi til verksins, skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

12. gr.

Rotþró skal hreinsa eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en á tveggja ára fresti. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

13. gr.

Safntank skal hreinsa eftir þörfum en þó aldrei sjaldnar en árlega. Heilbrigðisfulltrúi getur mælt fyrir um örari hreinsun ef aðstæður krefja.

Framkvæmd hreinsunar.

14. gr.

Kópavogsbær eða aðili á hans vegum annast hreinsun rotþróar og safntanka í samræmi við ákvæði samþykktar þessarar.

15. gr.

Kópavogsbær getur með samningi heimilað eiganda húseignar sem tengd er rotþró eða safntanki að annast sjálfur hreinsun. Hún skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi til holræsahreinsunar, sbr. 11. gr. og í samningi skal kveðið á um tíðni hreinsana og skil á staðfestingarvottorðum.

Hreinsunarkostnaður.

16. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu skal hver húseigandi greiða árlegt hreinsunargjald sem ákveðið er af bæjarstjórn Kópavogs. Gjald þetta innheimtist samhliða innheimtu fasteignagjalda. Gjald þetta miðast við hreinsun annað hvert ár.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróar er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró við útihús er að ræða eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar tíðni hreinsunar.

Gjöld þessi skulu þó aldrei vera hærri en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið. Bæjarstjórn Kópavog setur gjaldskrá í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Málsskot/viðurlög.

17. gr.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samþykktar þessarar er heimilt að skjóta málinu til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lagastoð og gildistaka.

18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki eru tengdar við holræsakerfi Kópavogs við útgáfu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2003 til að uppfylla ákvæði hennar.

Á svæðum þar sem Kópavogsbær áætla að leggja frárennislögn að lóð, sbr. 10. gr., fyrir 31. desember 2006 er heilbrigðisnefnd heimilt að veita undanþágu frá einstökum þáttum samþykktarinnar varðandi úrbætur.

Umhverfisstjórnuneytinu, 20. mars 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.